

82

4. gr.

Allir hinir holdsveiku skulu vera háttaðir á sumrum kl. 9 og á vetrum kl. 8¹/₂ síðdegis. Ráðsmaður getur veitt einstöku undanþágu frá þessari skipun.

5. gr.

Hinir holdsveiku mega ekki reykja inni í húsum spítalans; þeir mega aldrei koma í eldhús eða þvottahús spítalans og ekki upp á loftin.

6. gr.

Þeir mega ekki fara út fyrir endimörk spítalans án leyfis ráðsmannsins.

Reykjavík 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

Erindisbrjef

83

handa lækni og yfirumsjónarmanni holdsveikraspítalans í Laugarnesi.

1. gr.

Lækninum ber sem yfirumsjónarmanni spítalans einkum og sjer í lagi:
a, að hafa gát á því, að þrifnaður og reglusemi ríki í spítalanum í öllum greinum;

b, að gæta þess, að fæði sjúklinganna og þjónustufólksins sje viðunandi;
c, að ávísar öllum reikningum til útborgunar úr sjóði spítalans; og
d, að láta í tje vottorð þau, sem nefnd eru í erindisbrjefi gjaldkera.

2. gr.

Hann skipar hinum holdsveiku niður í stofur þær, sem þeim eru ætlaðar.

3. gr.

Hann kveður á um, hverjir af hinum holdsveiku sjeu vinnufærir, og hver vinna sje þeim hentust.

4. gr.

Hann ræður sjúkraþjónustur spítalans og segir þeim upp vistinni.

5. gr.

Einusinni á hverju ári skoðar hann alla muni spítalans í viðurvist yfirstjórnarinnar. Það sem í ljós kemur, er borið saman við búshlutaskrána; þá er alt er borið saman og þeir munir skráðir, sem vanta, og einhverjir af fólkinu bera ábyrgð á, ritar hann og yfirstjórnarmennirnir undir skoðunargjörðina. Yfirstjórnin kveður um leið á um slitna eða ónýta muni, hvort þeir skuli ónýttir eða teknir til annars, og gefur út vottorð um það, og skulu þau vottorð jafnan fylgja búshlutareikningunum.

6. gr.

83

Hann bókfærir alla þá holdsveika menn, er í spítalann koma og fyrverandi heimili þeirra, skráir komudaga, dánardægur eða brottfarardægur. Hann heldur dagbók og brjefabók og ávísunarbók, sem yfirstjórnin löggildir.

7. gr.

Hann ræður til lykta umsóknum um inntöku í spítalann og tilkynnir hlutadeigendum úrslitin.

8. gr.

Hann skal veita læknishjálp hinum holdsveiku og yfirleitt öllum íbúum spítalans, þá er sjúkdóma ber að höndum.

9. gr.

Hann skal koma í allar holdsveikrastofur spítalans á hverjum degi og ávallt í sama mund, til þess að hinir holdsveiku geti ráðfært sig við hann. Yfirleitt er það skylda hans, að vitja sjúkra í spítalanum hvenær sem er dags eða nætur, þá er nauðsyn krefur.

10. gr.

Hann bókfærir alla sjúklinga og meðferð á þeim. Í janúarmánudi ár hvert sendir hann yfirstjórninni skýrslu um heilsufarið á liðna árinu og greinir þar meðal annars frá lækningatilraunum á holdsveikum, ef nokkrar hafa verið gjörðar.

11. gr.

Honum ber að gæta alls sparnaðar, þá er um sjúkrafæði og lyf er að ræða; hann sjer um, að lyfin sjeu sem flest sett saman og vegin út í spítalanum, að svo miklu leyti, sem því verður við komið.

12. gr.

Honum ber að mæta, þá er ráðsmaður gjörir honum advart um, að þar sje sjúklingur, er gjöra vilji erfðaskrá sína og nauðsyn krefur að læknir sje viðstaddur til þess að bera vitni um ráð og rænu sjúklingsins.

13. gr.

Honum ber að sætta sig við breytingar, er gjörðar kunna að verða á þessu erindisbrjefi.

Reykjavík, 10. septbr. 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.